

Sláturfélag Suðurlands svf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1. janúar - 30. júní 2013

Sláturfélag Suðurlands svf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1. janúar - 30. júní 2013

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit yfir eigið fé	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-19

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Sláturfélags Suðurlands svf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Sláturfélag Suðurlands svf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutauppgjör, IAS 34.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2013, efnahag hennar 30. júní 2013 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34.

Kópavogur, 22. ágúst 2013

Deloitte ehf.

Halldór Arason,
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2013 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, sem fjallar um árshlutauppgjör. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess, Reykjagarðs hf. sem Sláturfélag Suðurlands svf. á að fullu. Fjárhæðir í árshlutareikningnum eru í þús.kr.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2013 230 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar í lok júní 2013 6.792 millj.kr., bókfært eigið fé í lok júní 2013 er 3.338 millj.kr. og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 49,1%.

Að álitum stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í júnílok 2013, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2013. Einnig að árshlutareikningurinn geymi yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan stendur frammi fyrir.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. hafa í dag rétt samandreginn árshlutareikning samstæðu félagsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2013 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. ágúst 2013

Stjórn

Hallfreður Vilhjálmsson,
formaður

Sigurlaug Jónsdóttir,
varaformaður

Aðalsteinn Guðmundsson

Guðmundur Davíðsson

Kristinn Jónsson

Forstjóri

Steinþór Skúlason

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar - 30. júní 2013

	Skýr.	2013 1.1.-30.6	2012 1.1.-30.6	2012 1.1.-31.12
Rekstrartekjur	4	5.351.151	4.924.767	9.393.868
Aðrar tekjur		14.420	22.551	52.562
Vöru- og umbúðanotkun		(3.080.223)	(2.899.054)	(4.903.007)
Laun og tengd gjöld	5	(980.669)	(880.209)	(1.979.975)
Annar rekstrarkostnaður		(780.935)	(696.663)	(1.582.986)
Afskriftir	9	(144.197)	(143.168)	(288.226)
Rekstrarhagnaður		379.547	328.224	692.236
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	11	10.101	16.736	28.995
Fjármunatekjur	6	8.854	14.152	75.342
Fjármagnsgjöld	6	(114.052)	(163.821)	(246.213)
Hagnaður fyrir skatta		284.450	195.291	550.360
Tekjuskattur	7	(54.870)	(35.711)	(87.244)
Heildarafkoma tímabilsins		229.580	159.580	463.116
Hagnaður á hlut				
Hagnaður á hlut / þynntur hagnaður á hlut	8	0,49	0,36	1,04

Efnahagsreikningur 30. júní 2013

Eignir	Skýr.	30.06.2013	30.06.2012	31.12.2012
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	3.475.232	3.358.369	3.442.134
Eignarhlutar í félögum	11	51.821	112.225	56.256
Skuldabréfaeign	12	20.885	22.053	20.570
		<u>3.547.938</u>	<u>3.492.647</u>	<u>3.518.960</u>
Veltufjármunir				
Vörubirgðir	13	1.241.454	1.045.492	1.517.846
Viðskiptakröfur	14	1.464.313	1.248.541	765.573
Aðrar skammtímakröfur	15	137.834	89.741	132.011
Handbært fé	22	400.868	187.738	373.133
		<u>3.244.469</u>	<u>2.571.512</u>	<u>2.788.563</u>
Eignir		<u>6.792.407</u>	<u>6.064.159</u>	<u>6.307.523</u>
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé				
Stofnsjóður A-deild	16	297.741	277.944	282.837
Stofnsjóður B-deild, hlutafé	16	180.074	180.074	180.074
Yfirverðsreikningur hlutafjár		159.111	159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður		120.709	112.916	120.709
Sérstakur endurmatsreikningur		759.764	791.778	775.771
Óráðstafað eigið fé		1.821.105	1.309.509	1.621.258
Eigið fé		<u>3.338.504</u>	<u>2.831.332</u>	<u>3.139.760</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Langtímaskuldir	17	2.018.328	2.167.847	2.144.993
Eftirlaunaskuldbinding	19	23.200	22.000	23.200
Tekjuskattskuldbinding	7	268.497	242.070	264.879
		<u>2.310.025</u>	<u>2.431.917</u>	<u>2.433.072</u>
Skammtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir	20	4.788	6.061	5.938
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	20	999.995	687.415	592.926
Skattar til greiðslu	8	51.252	17.121	45.845
Næsta árs afborganir langtímaskulda	20	87.843	90.313	89.982
		<u>1.143.878</u>	<u>800.910</u>	<u>734.691</u>
Skuldir		<u>3.453.903</u>	<u>3.232.827</u>	<u>3.167.763</u>
Eigið fé og skuldir		<u>6.792.407</u>	<u>6.064.159</u>	<u>6.307.523</u>

Yfirlit yfir eigið fé 1. janúar 2012 - 30. júní 2013

Eigið fé

	Stofnsjóður	Stofnsjóður	Yfirverðs-	Lögbundinn	Sérstakur	Óráðstafað	Samtals
	A- deild	B- deild	reikningur	varasjóður	endurmatsr.	eigið fé	eigið fé
Eigið fé 01.01.2012	251.662	180.074	159.111	112.916	807.785	1.199.395	2.710.943
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	2.727					(3)	2.724
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(6.896)						(6.896)
Vextir v. stofnsjóðs A-deildar	38.062					(38.062)	0
Fjárm.tekjusk. v. vaxta A-stofnsj.	(7.612)						(7.612)
Arður v. stofnsjóðs B-deildar						(27.407)	(27.407)
Sérstakt endurmat millifært					(16.007)	16.007	0
Hagn. tímabilsins jan. - júní 2012						159.580	159.580
Eigið fé 30.06.2012	277.943	180.074	159.111	112.916	791.778	1.309.510	2.831.332
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	6.130						6.130
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(1.237)					(1)	(1.238)
Sérstakt endurmat millifært					(16.007)	16.007	0
Hagn. tímabilsins júlí - des. 2012						303.536	303.536
Tíllag í lögbundinn varasjóð				7.793		(7.793)	0
Eigið fé 31.12.2012	282.836	180.074	159.111	120.709	775.771	1.621.259	3.139.760
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	2.100						2.100
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(2.899)						(2.899)
Vextir v. stofnsjóðs A-deildar	19.630					(19.630)	0
Fjárm.tekjusk. v. vaxta A-stofnsj.	(3.926)						(3.926)
Arður v. stofnsjóðs B-deildar						(26.111)	(26.111)
Sérstakt endurmat millifært					(16.007)	16.007	0
Hagn. tímabilsins jan. - júní 2013						229.580	229.580
Eigið fé 30.06.2013	297.741	180.074	159.111	120.709	759.764	1.821.105	3.338.504

Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar - 30. júní 2013

	Skýr.	2013 jan.-júní	2012 jan.-júní	2012 jan.-des.
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarhagnaður tímabilsins		379.547	328.224	692.236
Afskriftir	9	144.197	143.168	288.226
Söluhagnaður fastafjármuna		(4.811)	(1.972)	(8.656)
Eftirlaunaskuldbinding, hækkun	19	0	0	1.200
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		518.933	469.420	973.006
Vörubirgðir, lækkun (hækkun)		276.392	295.295	(177.059)
Viðskiptakr. og aðrar kröfur, (hækkun)		(757.243)	(556.407)	(125.522)
Viðskiptask. og aðrar skuldir, hækkun, (lækkun)		459.761	63.954	(7.960)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		497.843	272.262	662.465
Innborgaðir vextir og arður		8.372	13.434	26.092
Greiddir vextir		(64.121)	(86.652)	(147.277)
Greiddir skattar		(45.845)	0	(14.754)
Handbært fé frá rekstri		396.249	199.044	526.526
Fjárfestingahreyfingar				
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	9	(182.667)	(147.944)	(377.792)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		10.183	3.150	10.861
Kaupverð eignarhluta í félögum		(461)	0	0
Söluverð eignarhluta í félögum		0	0	116.600
Arður frá hlutdeildarfélögum	11	15.000	32.000	31.971
Skuldabréfæign, breyting	12	152	(1.237)	2.475
		(157.793)	(114.031)	(215.885)
Fjármögnunarhreyfingar				
Afborganir langtímaskulda		(179.885)	(117.712)	(162.838)
Skammtímaskuldir við lánastofnanir, lækkun		0	(11.360)	(6.889)
Stofnsjóðsgreiðslur og fjám.tekjusk. A-deild	16	(4.725)	(11.782)	(11.360)
Greiddur arður af B-deild stofnsjóðs	16	(26.111)	(27.407)	(27.407)
		(210.721)	(168.261)	(208.494)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		27.735	(83.248)	102.147
Handbært fé í upphafi árs		373.133	270.986	270.986
Handbært fé í lok tímabils		400.868	187.738	373.133

Skýringar

1. Starfsemi

Samandreginn árs hlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2013 hefur að geyma árs hlutareikning félagsins, dótturfélags þess og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísu. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fóðurs.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi 1, Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofur, markaðs- og söludeildir félagsins. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt dreifingu á framleiðsluvörum félagsins. Félagið rekur sláturhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

Dótturfélag Sláturfélags Suðurlands svf. er Reykjagarður hf. sem er félag í kjúklingaframleiðslu og sölu á kjúklingaafurðum. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík, en afurðavinnsla félagsins fer fram á Hellu Rangárvallasýslu.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1 Aþjóðlegur reikningsskilastastaðall IAS 34

Samandreginn árs hlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastadal um árs hlutareikninga, IAS 34, sem fjallar um árs hlutareikninga. Samandreginn árs hlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi félagsins og ætti að lesast í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2012. Ársreikning samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2012 má finna á heimasíðu félagsins www.ss.is.

2.2 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árs hlutareikningur er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fastafjármunir og fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Árs hlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári. Árs hlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

2.3 Samstæða

Samandreginn árs hlutareikningur samstæðunnar tekur til árs hlutareikninga móðurfélagsins og dótturfélaga. Dótturfélög eru þau félög sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn dótturfélaga.

Meginmarkmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskilanna. Þegar við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til samræmis við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Þegar eignarhald móðurfélags á dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

2.4 Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem samstæðan er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra og eru hvorki dótturfélög né félög í samrekstri. Veruleg áhrif eru til staðar þegar samstæðan tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarféлага.

Samkvæmt hlutdeildaraðferðinni eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir í samstæðureikningi á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarri afkomu. Tap hlutdeildarféлага umfram hlutdeild samstæðunnar er aðeins gjaldfært hafi samstæðan gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Hagnaður eða tap af viðskiptum samstæðunnar við hlutdeildarfélag er fært til samræmis við hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélaginu.

2.5 Tekjur

Tekjur eru færðar á gangvirði móttækinnar eða innheimtanlegrar greiðslu að frádregnum afsláttum og vöruskilum.

Tekjur af vörusölu eru skráðar þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt: Áhætta og ávinningurinn af eignarrétti vörunnar flyst til kaupanda og eignarréttur færist til kaupanda. Þegar unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti og þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa efnahagslegan ávinning af viðskiptunum og þegar kostnaður sem tengist viðskiptunum liggur fyrir eða hægt er að meta hann með áreiðanlegum hætti.

Þóknarir eru færðar á rekstrargrunni í samræmi við gerða samninga þegar hægt er að meta efnahagslegan ávinning og fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Þóknarir af samningum um framleiðslu eða sölu eru tekjufærðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga. Þóknarir af þjónustusamningum sem ná yfir lengri tíma eru tekjufærðar línulega á samningstímanum.

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

2.6 Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og ávinningur af eignarréttindum er framseldur leigutaka. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar.

Fjármögnunarleigusamningar eru færðir til eignar og skuldar miðað við samningsfjárhæð eða fjárhæð sem jafngildir núvirtum lágmarks leigugreiðslum, hvort sem lægra reynist.

Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspeglar betur ávinning af notkun eignarinnar. Óvissar leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Skýringar

2.7 Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Efnislegar eignir og skuldir metnar á gangvirði eru færðar miðað við skráð gengi reikningsskiladags. Efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi.

Gengismunur vegna peningalegra eigna og skulda er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

2.8 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand. Samstæða Sláturfélagsins hefur ekki tekið lán vegna eignfærðra nýfjárfestinga. Fjárfestingartekjur af skammtímafjárfestingum sem tengjast fjármögnun á eignfærsluhæfri eign eru færðar til lækkunar á eignfærðum fjármagnskostnaði.

Allur annar fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

2.9 Tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsíneign er metin á reikningsskiladegi, ef við á, og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

2.10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádrögnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádrögnum afskriftum og virðisrýrnun.

Fasteignir og lóðir eru endurmetnar á reikningsskiladegi og er endurmatið fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Endurmatið endurspeglar gangvirði eignarinnar á reikningsskiladegi að frádrögnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Reglulega skal leggja mat á hvort verulegur munur er á endurmetnu bókfærðu verði og gangvirði eignarinnar. Endurmatslækkun er færð á móti endurmatsþækkun. Ef lækkun verður á gangvirði umfram áður færða endurmatsþækkun er hún gjaldfærð í rekstrarreikning. Afskriftir endurmetinna fasteigna eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi.

Áhöld og tæki eru færðar samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að frádrögnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega. Land og lóðir eru ekki afskrifaðar.

2.10 Varanlegir rekstrarfjármunir frh.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Við sölu endurmetinna varanlegra rekstrarfjármuna er endurmatíð fært á óráðstafað eigið fé.

2.11 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi er bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef vísbending er um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færir í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkunin færð sem endurmatshækkun. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

2.12 Verðbréfaeign

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, fjáreignir til gjalddaga, fjáreignir til sölu, og lán og kröfur. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar. Öll almenn viðskipti með fjáreignir eru skráð á viðskiptadegi. Með almennum viðskiptum er átt við kaup og sölu fjáreigna sem grundvallast af samningi eða markaðsvenjum um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma.

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar samstæðan hefur fyrirætlanir og getu til að eiga þær fram til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Skuldabréf í eigu samstæðunnar eru viðskiptabréf vegna sölu á fastafjármunum og er það ætlan samstæðunnar að eiga bréfin fram til lokagjalddaga verðbréfanna.

2.13 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söliverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óþeimur kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söliverð er áætlað söliverð að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

2.14 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan endurspeglar mat stjórnenda á þeirri virðisrýrnun sem viðskiptakröfur hafa orðið fyrir.

Skýringar

2.15 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að fráregnum greiddum afborgunum miðað við aðferð virkra vaxta. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabils, eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra.

2.16 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðir á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

2.17 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

2.18 Áhættustjórnun

Almenn stefna samstæðunnar er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Samstæðan er ekki með framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga eða vaxtaskiptasamninga. Áhætta samstæðunnar gagnvart innheimtu viðskiptakrafna er metin eðlileg, en viðskiptakröfur eru metnar m.v. áætlaða virðisrýrnun.

2.19 Kaupréttarsamningar

Samstæðan hefur ekki gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn eða aðra aðila tengda rekstrinum.

2.20 Starfsþáttayfirlit

Rekstri samstæðunnar er ekki skipt niður á starfsþætti þar sem reksturinn er allur innan eins starfsþáttar að mati stjórnenda. Starfsemi samstæðunnar felst að mestu í slátrun, vinnslu og sölu á landbúnaðarvörum. Auk þess er samstæðan með sölu á öðrum verslunarvörum og aðföngum til bænda. Hins vegar er hér á eftir birt sundurliðun yfir tekjur samstæðunnar eftir sölu innanlands og útflutnings, en þar má sjá að stærstur hluti tekna samstæðunnar eru vegna sölu innanlands.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árs hlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Á þetta sérstaklega við mat á varanlegum rekstrarfjármunum, birgðum og viðskiptakröfum, samanber skýringar nr. 9, 13 og 14. Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig eftir landssvæðum:	1.1 - 30.6.13	1.1 - 30.6.12
Sala innanlands.....	5.011.499	4.621.563
Sala erlendis.....	339.652	303.204
	5.351.151	4.924.767

Helstu viðskiptavinir innanlands eru matvöruverslanir og kjötvinnslur, auk bænda, skóla og mótuneyta. Sala erlendis hefur að mestu verið til landa eins og Noregs, Danmerkur, Póllands, Rússlands og Sviss.

Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	1.1 - 30.6.13	1.1 - 30.6.12
Laun.....	775.381	693.377
Launatengd gjöld	168.352	154.214
Starfsmannakostnaður.....	36.936	32.618
	<u>980.669</u>	<u>880.209</u>

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur:	1.1 - 30.6.13	1.1 - 30.6.12
Vaxtatekjur og verðbætur af innstæðum, lánum og kröfum	7.341	12.404
Vaxtatekjur og verðbætur af fjárfestingum til gjalddaga.....	913	1.268
Arðstekjur.....	600	480
	<u>8.854</u>	<u>14.152</u>
 Fjármagnsgjöld:	 1.1 - 30.6.13	 1.1 - 30.6.12
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(3.613)	(4.105)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum.....	(109.018)	(166.032)
Gengismunur.....	(1.421)	6.316
	<u>(114.052)</u>	<u>(163.821)</u>

7. Tekjuskattur

7.1 Reiknaður tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 54,9 millj.kr. Áætlaður tekjuskattur til greiðslu vegna tímabilsins 1. janúar - 30. júní 2013 er 51,3 millj.kr.

7.2 Frestaður skattur

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	30.06.2013	31.12.2012
Staða í ársbyrjun.....	264.879	223.480
Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins.....	54.870	87.244
Tekjuskattur til greiðslu	(51.252)	(45.845)
	<u>268.497</u>	<u>264.879</u>

8. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut:	1.1 - 30.6.13	1.1 - 30.6.12
Hagnaður tímabilsins á hlut / þynntur hagnaður á hlut.....	0,49	0,36
Hagnaður á hvern hlut útstandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:		
Heildarafkoma tímabilsins.....	<u>229.580</u>	<u>159.580</u>
Vegið meðaltal A og B- deildar stofnsjóða.....	<u>470.363</u>	<u>444.878</u>

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

	30.06.2013	31.12.2012
Kostnaðarverð eða endurmetið virði.....	7.943.497	7.772.022
Uppsafnaðar afskriftir	(4.468.265)	(4.329.888)
	<u>3.475.232</u>	<u>3.442.134</u>
Fasteignir og lóðir.....	2.610.861	2.588.996
Vélar og áhöld.....	751.846	741.351
Bifreiðir og flutningstæki.....	112.525	111.787
	<u>3.475.232</u>	<u>3.442.134</u>

	Fasteignir og lóðir	Vélar og áhöld	Bifreiðar og flutningstæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1. janúar 2012.....	4.473.829	2.693.362	247.198	7.414.389
Eignfært á árinu.....	121.943	217.994	37.855	377.792
Selt og aflagt á árinu.....	0	(573)	(19.586)	(20.159)
1. janúar 2013.....	<u>4.595.772</u>	<u>2.910.783</u>	<u>265.467</u>	<u>7.772.022</u>
Eignfært á tímabilinu.....	94.464	66.871	21.333	182.668
Selt og aflagt á tímabilinu.....	0	(1.050)	(10.142)	(11.192)
Staða 30. júní 2013.....	<u>4.690.236</u>	<u>2.976.604</u>	<u>276.658</u>	<u>7.943.498</u>
Afskriftir				
Staða 1. janúar 2012.....	1.863.645	2.058.536	137.438	4.059.619
Selt og aflagt á árinu.....	0	(424)	(17.533)	(17.957)
Afskrift ársins.....	143.131	111.320	33.775	288.226
1. janúar 2013.....	<u>2.006.776</u>	<u>2.169.432</u>	<u>153.680</u>	<u>4.329.888</u>
Selt og aflagt á tímabilinu.....	0	(329)	(5.490)	(5.819)
Afskrift tímabilsins.....	72.599	55.655	15.943	144.197
Staða 30. júní 2013.....	<u>2.079.375</u>	<u>2.224.758</u>	<u>164.133</u>	<u>4.468.266</u>
Bókfært verð 30. júní 2013.....	<u>2.610.861</u>	<u>751.846</u>	<u>112.525</u>	<u>3.475.232</u>

Nýtingartími eigna..... 25-50 ár 5-17 ár 5-8 ár

Meðal fasteigna eru lóðir að bókfærðu verði um 38 millj.kr. sem eru ekki afskrifaðar.

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum að eftirstöðvum 2.093 millj.kr. í lok júní 2013. Bókfært verð þeirra fasteigna, véla og tækja sem eru með veð og skuldbindingar eru um 3.262 millj.kr.

Á árinu 2008 voru fasteignir endurmetnar með hliðsjón að verðmati sem gert var af Ferli ehf., verkfræðistofu.

Upplýsingar um endurmetnar fasteignir

	30.6.2013	31.12.2012
Endurmetið bókfært verð.....	2.610.861	2.588.996
Þar af áhrif sérstaks endurmats.....	(949.704)	(969.713)
Bókfært verð án áhrifa endurmats.....	<u>1.661.157</u>	<u>1.619.283</u>

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir frh.

Fasteignamat og váttryggingarverðmæti eigna í árslok 2012 greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygg.mat
Fasteignir og lóðir.....	2.156.208	7.059.951
Vélar og tæki, eignatryggingar.....		3.468.836
Aðrar lausafjártryggingar.....		196.183
Rekstrarstöðvunartrygging.....		2.546.492

10. Dótturfélag

Eignarhlutar í dótturfélögum greinast þannig:

Nafn dótturfélags	Staðsetning	Eignarhluti	Atkvæðisréttur	Meginstarfsemi
Reykjagarður hf.....	Reykjavík/Hella	100%	100%	Framleiðsla og sala á kjúklingum

11. Hlutdeildarfélög og önnur félög

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

Nafn hlutdeildarfélags	Staðsetning	Eignarhluti	Atkvæðisréttur	Meginstarfsemi
Hollt & Gott ehf.....	Reykjavík	50%	50%	Framleiðsla og sala á salati
Orkugerðin ehf.....	Selfoss	38%	38%	Förgun á úrgangi

Hlutdeild í hagnaði af starfsemi hlutdeildarfélagana nam 10,1 millj.kr. á tímabilinu. Arður frá hlutdeildarfélögum nam 15 millj.kr. á árinu 2013. Eignarhlutar í öðrum félögum er eignfærður á kostnaðarverði að teknu tilliti til mats á virði þeirra.

Eignarhlutar í félögum greinist þannig:

	30.06.2013	31.12.2012
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum.....	38.724	43.620
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	13.097	12.636
	<u>51.821</u>	<u>56.256</u>

12. Skuldabréfaeign

Greining á skuldabréfaeign (verðtryggð)

	1.1 - 30.6.13	1.1.-31.12.12
Staða í upphafi árs.....	20.875	22.440
Innborganir á tímabilinu.....	(153)	(2.475)
Verðbætur.....	481	910
Staða í lok tímabils.....	<u>21.203</u>	<u>20.875</u>
Næsta árs afborgun.....	(318)	(305)
	<u>20.885</u>	<u>20.570</u>

Skýringar

13. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:	<u>30.06.2013</u>	<u>31.12.2012</u>
Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur.....	718.443	1.093.811
Rekstrarvörur.....	110.993	111.677
Ýmsar vörur.....	412.018	312.358
	<u>1.241.454</u>	<u>1.517.846</u>
Tryggingaverðmæti birgða.....	1.241.454	1.517.846

Arion banki hf. er með veð í birgðum samstæðunnar að fjárhæð 621 millj.kr.

14. Viðskiptakröfur

	<u>30.06.2013</u>	<u>31.12.2012</u>
Viðskiptakröfur.....	1.550.469	851.729
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast.....	(86.156)	(86.156)
	<u>1.464.313</u>	<u>765.573</u>

Arion banki hf. er með veð í viðskiptakröfum samstæðunnar að fjárhæð 632 millj.kr.

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:	<u>1.1.-30.6.13</u>	<u>1.1.-31.12.12</u>
Staða í upphafi árs.....	(86.156)	(80.156)
Aukning á tímabilinu.....	0	(6.000)
Staða í lok tímabils.....	<u>(86.156)</u>	<u>(86.156)</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast og áætlaðra vöruskila. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

15. Aðrar skammtímakröfur

	<u>30.06.2013</u>	<u>31.12.2012</u>
Virðisaukaskattur.....	37.712	58.693
Fjármagnstekjuskattur.....	33.992	10.533
Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur.....	53.093	43.942
Kröfur á tengd félög.....	12.680	18.500
Skuldabréfaeign.....	357	343
	<u>137.834</u>	<u>132.011</u>

Skýringar

16. Hlutfé

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta, A- deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsmanna og B- deild sem er mynduð með sölu á hlutum í þeirri deild. Allt hlutfé í B-deild stofnsjóðs hefur verið greitt inn til félagsins. Í A- deild stofnsjóðs leggst árlega ákveðinn hundradshluti af andvirði afurðainnleggs hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar. Stofnsjóður A-deildar kemur til útgreiðslu ef aðilar hætta búskap eða ná 70 ára aldri.

Stofnsjóður A-deildar greinist þannig:

	1.1.-30.6.13	1.1.-31.12.12
Stofnsjóður í ársbyrjun.....	282.837	251.663
Stofnsjóðsinngreiðslur á tímabilinu.....	2.100	8.855
Stofnsjóðsútgreiðslur á tímabilinu.....	(2.899)	(8.130)
Vextir vegna stofnsjóðs - fjármagnstekjuskattur.....	15.703	30.449
	<u>297.741</u>	<u>282.837</u>

Stofnsjóður B-deildar greinist þannig:

	Hlutfall	30.06.2013	31.12.2012
Heildarhlutfé í lok tímabils.....	100,0%	200.000	200.000
Eigin hlutir í lok tímabils.....	(9,96%)	(19.926)	(19.926)
	<u>90,04%</u>	<u>180.074</u>	<u>180.074</u>

Á árinu 2013 var skv. ákvörðum aðalfundar félagsins greiddur arður vegna B-deildar stofnsjóðs að fjárhæð 26,1 millj.kr. og reiknaðir vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs að fjárhæð 19,3 millj.kr. Nánari sundurliðun er á eiginfjárreikningum á bls. 6 í árshlutareikningnum.

17. Langtímaskuldir

17.1 Langtímaskuldir greinast þannig:

	30.06.2013	31.12.2012
Skuldir við lánastofnanir.....	526.844	568.138
Skuldir við lífeyrissjóði.....	1.563.611	1.649.356
Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga.....	2.956	3.970
Aðrar langtímaskuldir.....	12.760	13.511
	<u>2.106.171</u>	<u>2.234.975</u>
Næsta árs afborganir.....	(87.843)	(89.982)
Vaxtaberandi langtímaskuldir.....	<u>2.018.328</u>	<u>2.144.993</u>

17.2 Langtímaskuldir greinast þannig eftir skilmálum:

	30.06.2013	31.12.2012
Skuldir í myntkörfu.....	0	511
Verðtryggð lán í ISK.....	2.103.215	2.231.005
Óverðtryggð lán í ISK.....	2.956	3.459
	<u>2.106.171</u>	<u>2.234.975</u>

Langtímaskuldir að fjárhæð 2.093 millj.kr. í júnílok 2013 eru með þinglýst veð í eignum samstæðunnar.

Skýringar

18. Fjármögnunarleigusamningar

18.1 Fyrirkomulag fjármögnunarleigusamninga

Fjármögnunarleigusamningar voru gerðir vegna ýmissa véla og tölvubúnaðar og er leigutíminn 3-5 ár. Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga eru tryggðar með veði í undirliggjandi eignum.

18.2 Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga

	30.06.2013	31.12.2012
Innan árs.....	1.358	1.831
Eftir 1-5 ár.....	1.598	2.139
Núvirði lágmarks leigugreiðslna.....	2.956	3.970
Fært á meðal vaxtaberandi skulda í langtímaskuldum	1.598	2.139
Fært á meðal vaxtaberandi skulda í skammtímaskuldum	1.358	1.831
	2.956	3.970

19. Eftirlaunaskuldbinding

Á Sláturfélagi Suðurlands hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við fyrrverandi starfsmenn félagsins. Miðað við 3% vexti er núvirði eftirlaunaskuldbindingar 23,2 millj.kr. og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu ná greiðslur á henni allt til ársins 2021. Ekki hefur verið gerður endurútreikningur frá áramótum á skuldbindingunni.

20. Skammtímaskuldir

20.1 Skuldir við lánastofnanir

	30.06.2013	31.12.2012
Áfallnir vextir af langtímaskuldum.....	4.788	5.938
	4.788	5.938

20.2 Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

	30.06.2013	31.12.2012
Viðskiptaskuldir.....	544.536	427.889
Ógreitt vegna launa og tengdra gjalda.....	249.013	143.830
Ýmsar skuldir.....	206.446	21.207
	999.995	592.926

20.3 Næsta árs afborgun langímaskulda

	30.06.2013	31.12.2012
Skuldir við lánastofnanir.....	46.584	47.786
Skuldir við lífeyrissjóði.....	37.774	38.286
Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga.....	1.358	1.831
Aðrar langímaskuldir.....	2.127	2.079
	87.843	89.982

Skýringar

21. Tengdir aðilar

Viðskipti við hlutdeildarfélög jan. - júní 2013:	Eignar- hlutföll	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur
Hollt & Gott ehf.	50,00%	3.525	46.635
Orkugerðin ehf.	38,40%	30.900	158
		<u>34.425</u>	<u>46.793</u>
Viðskipti við hlutdeildarfélög jan. - júní 2012:	Eignar- hlutföll	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur
Hollt & Gott ehf.	50,00%	4.579	35.004
Orkugerðin ehf.	38,40%	25.001	0
Ísfugl ehf. (selt á árinu 2012)	30,00%	1.120	3.770
		<u>30.700</u>	<u>38.774</u>

22. Handbært fé

Við gerð yfirlits um sjóðstreymi, felur handbært fé í sér reiðufé og handbært fé á bankareikningum. Handbært fé sem fram kemur í yfirliti um sjóðstreymi samanstendur af eftirfarandi fjárhæðum:

	<u>30.06.2013</u>	<u>31.12.2012</u>
Bankainnstæður.....	399.523	372.803
Sjóður.....	1.345	330
	<u>400.868</u>	<u>373.133</u>

23. Rekstrarleigusamningar

Félög innan samstæðunnar voru ekki með neina rekstrarleigusamninga í lok júní 2013 eða í árslok 2012.

24. Önnur mál

Arion banki er með veð í öllum eignum Reykjavígar hf. vegna skulda þess félags við bankann.

25. Samþykki árs hlutareiknings

Samandreginn árs hlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins og leyfður til birtingar þann 22. ágúst 2013.